

LÖG

um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ef sýslumanni er veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum getur ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2015.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2010.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ragna Árnadóttir.